



GRINDAVÍK, GAMLI BÆRINN

Deiliskipulagsbreyting

17.01.2019



SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ**SKJALALYKILL**

2476-043-GRG-001-V01

SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

01/06

VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUPA

Sigurður Ólafsson

VERKEFNISSTJÓRI EFLA

Brynja Dögg Ingólfssdóttir

TITILL SKÝRSLU

Grindavík, gamli bærinn

VERKHEITI

Deiliskipulagsbreyting

VERKKAUPI

Grindavíkurbær

HÖFUNDUR

Ingibjörg Sveinsdóttir, Brynja Dögg Ingólfssdóttir

ÚTGÁFUSAGA

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
01	Ingibjörg Sveinsdóttir	07.01.19	Brynja Dögg Ingólfssdóttir	15.01.19	Brynja Dögg Ingólfssdóttir	17.01.19



Deiliskipulagsbreyting þessi, sem grenndarkynnt hefur verið samkvæmt 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af bæjarstjórn Grindavíkurbæjar skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga þann _____

f.h. Grindavíkurbæjar

Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt í fjórar vikur með athugasemdafresti til _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsbreytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____



EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	5
1.1	Skipulagsgögn	5
2	FORSENDUR	5
3	DEILISKIPULAG – SKIPULAGSSKILMÁLAR	5
4	UMHVERFISÁHRIF AF BREYTINGUNNI -	6

1 INNGANGUR

Með deiliskipulagsbreytingunni er skipulagssvæðið minnkað og lóðin Verbraut 1 er felld út. Samhliða verður gerð breyting á deiliskipulagi fyrir miðbæ-hafnarsvæði þar sem Verbraut 1 verður hluti af því skipulagi.

Einnig verður gerð breyting á Aðalskipulagi Grindavíkur 2010-2030 þar sem Verbraut 1 verður breytt úr svæði fyrir samfélagsþjónustu í Hafnarsvæði.

Fjallað er um umhverfisáhrif breytingarinnar í deiliskipulagsbreytingu fyrir miðbæ-hafnarsvæði í Grindavík. Breytingin er dagsett í janúar 2019.

Deiliskipulag fyrir gamla bæinn var staðfest í B-deild Stjórnartíðinda í maí 2016. Gerð hefur verið ein breyting á skipulaginu.

Að öðru leyti en því sem hér að aftan greinir gilda skilmálar eldra skipulags fyrir gamla bæinn í Grindavík.

1.1 Skipulagsgögn

Greinargerð þessi með forsendum og umhverfisskýrslu ásamt deiliskipulagsupprætti í mkv. 1:1.500.

2 FORSENDUR

Á Verbraut 1 er í dag starfsemi sem tengist útgerð og léttum iðnaði. Starfsemin tengist starfsemi á lóðum nr. 3 og 5 við Verbraut. Norðan þess svæðis sem breytingin tekur til er gamli bærinn í Grindavík og sunnan svæðisins er hafnargarður og Sjávarbraut sem gert er ráð fyrir að hægt verði að byggja upp til framtíðar sem tengingu inn í bæinn. Aðkoma að svæðinu er um Verbraut, Garðsveg og Sjávarbraut. Svæðið er fremur flatt og alfarið er um að ræða raskað land. Sjávarbrautin og hafnargarðurinn, sunnan lóðarinnar stendur nokkuð hærra en meginhluti lóðarinnar.

3 DEILISKIPULAG – SKIPULAGSSKILMÁLAR

Gerð er breyting á upprætti og greinargerð.

Á upprætti er skipulagssvæðið minnkað og lóðin Verbraut 1 er felld út.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á greinargerð:

Kaflinn „Svæði fyrir samfélagsþjónustu“

Í töflu sem sýnir lóðir undir samfélagsþjónustu er umfjöllun um lóðina Verbraut 1 felld út.

4 UMHVERFISÁHRIF AF BREYTINGUNNI -

Við gerð deiliskipulags skal, skv. gr. 5.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, meta líkleg áhrif af fyrirhug-
uðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar
Breyting á deiliskipulagi gamlabæjar þar sem lóðin Verbraut 1 er felld út úr áætluninni er talin hafa
óveruleg umhverfisáhrif. Nánari umfjöllun um áhrif má sjá í greinargerð með breytingu deiliskipulags
Miðbæjar -Hafnarsvæðis sem unnin er samhliða þessari.